**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1290** **2023/EES/30/38**

**frá 22. júlí 2022**

**um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, klórmekvat, dódín, nikótín, prófenófos og *Spodoptera exigua multicapsid*-kjarnmargflötungaveiru (SeMNPV), einangur BV-0004, í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín og dódín. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat og nikótín. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir prófenófos. Að því er varðar *Spodoptera exigua multicapsid*-kjarnmargflötungaveiru (SeMNPV), einangur BV-0004, voru ekki fastsett sértæk hámarksgildi leifa né heldur var efnið skráð í IV. viðauka við þá reglugerð og því gildir staðalgildi, sem er 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið ametóktradín til notkunar á nytjaplöntur sem gæti laðað að býflugur og sem gæti leitt til efnaleifa í hunangi var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa fyrir hunang.

3) Að því er varðar dódín var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa varðandi sítrusávexti.

4) Viðkomandi aðildarríki mátu báðar þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Hún sendi þessi álit til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendur óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: http://www.efsa.europa.eu
„Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue level for ametoctradin in honey.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(11), 6943.
„Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels for dodine in citrus fruits.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(11), 6950.

7) Að því er varðar klórmekvat voru bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett fyrir ostruvængi í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1561 ([3]) og fyrir ræktaða sveppi í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 ([4]) við 6 mg/kg og 0,9 mg/kg, eftir því sem við á. Þessi bráðabirgðahámarksgildi leifa voru fastsett á grundvelli vöktunargagna sem sýndu að leifar koma fyrir á ómeðhöndluðum ræktuðum sveppum í hærri styrk en sem nemur magngreiningarmörkum vegna víxlmengunar ræktaðra sveppa við hálm sem hefur verið meðhöndlaður með klórmekvati á lögmætan hátt. Þessi bráðabirgðahámarksgildi leifa voru fastsett til 13. apríl 2021, meðan beðið var eftir því að vöktunargögn yrðu lögð fram um tilvist efnisins í viðkomandi afurðum.

8) Matvælaöryggisstofnunin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að leifar af klórmekvati finnast enn í ostruvængjum og ræktuðum sveppum í magni sem er yfir magngreiningarmörkum. Svepparæktendur tilkynntu framkvæmdastjórninni um eina rannsókn sem er í gangi til að meta mengunargildin í ostruvængjum og öðrum ræktuðum sveppum. Þar eð rannsókninni lýkur 2022 og þá verða gögn sem safnað er lögð fyrir framkvæmdastjórnina þykir rétt að framlengja áfram gildistíma þessara bráðabirgðahámarksgilda leifa um eitt ár frá birtingu þessarar reglugerðar.

9) Með reglugerð (ESB) 2017/693 voru einnig fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórmekvat fyrir perur við 0,07 mg/kg vegna vöktunargagna sem sýna þrávirkni í trjám sem leiðir af fyrri notkun. Bráðabirgðahámarksgildi leifa var fastsett til 13. apríl 2021, meðan beðið var eftir því að vöktunargögn yrðu lögð fram um tilvist efnisins í viðkomandi afurð. Matvælaöryggisstofnunin, aðildarríkin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að leifar af þessu efni finnast enn í perum í magni sem er yfir magngreiningarmörkum. Því er rétt að halda áfram að vakta gildi klórmekvats í perum og framlengja gildistíma þessa bráðabirgðahámarksgildis leifa um sjö ár frá birtingu þessarar reglugerðar.

10) Að því er varðar nikótín voru bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett með reglugerð (ESB) 2017/978 ([5]) til 19. október 2021 fyrir villta sveppi (þurrkaða kóngssveppi og þurrkaða villta ætisveppi, aðra en kóngssveppi) meðan beðið var framlagningar og mats á nýjum gögnum og upplýsingum um það hvort nikótín kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í viðkomandi afurðum eða myndast í þeim. Ótvíræðar rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir til að sýna fram á að nikótín komi fyrir á náttúrulegan hátt í viðkomandi afurðum og til að varpa ljósi á hvernig það myndast. Matvælaöryggisstofnunin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að leifar af þessu efni finnast enn í þessum afurðum í magni sem er yfir magngreiningarmörkum. Því er rétt að halda áfram að vakta gildi nikótíns í þessum afurðum og framlengja gildistíma þessara hámarksgilda leifa um sjö ár frá birtingu þessarar reglugerðar.

11) Að því er varðar prófenófos var bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett með reglugerð (ESB) 2017/978 til 18. október 2021 fyrir rósablöð, meðan beðið var eftir því að vöktunargögn yrðu lögð fram um tilvist efnisins í viðkomandi afurð. Matvælaöryggisstofnunin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að leifar af þessu efni finnast enn í rósablöðum í magni sem er yfir magngreiningarmörkum. Því er rétt að halda áfram að vakta gildi prófenófoss í rósablöðum og framlengja gildistíma þessa bráðabirgðahámarksgildis leifa um sjö ár frá birtingu þessarar reglugerðar.

12) Umsókn um samþykki fyrir virka efninu *Spodoptera exigua multicapsid*-kjarnmargflötungaveiru (SeMNPV), einangur BV-0004, var lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([6]). Hlutaðeigandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 2. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin

---

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1561 frá 17. september 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat í ræktuðum sveppum (Stjtíð ESB L 240, 18.9.2019, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 frá 7. apríl 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bítertanól, klórmekvat og tebúfenpýrað í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 101, 13.4.2017, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/978 frá 9. júní 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúópýram, hexaklórsýklóhexan (HCH), alfa-hverfur, hexaklórsýklóhexan (HCH), beta-hverfur, hexaklórsýklóhexan (HCH), summa hverfna, að undanskildum gamma-hverfum, lindan (hexaklórsýklóhexan (HCH), gamma-hverfur), nikótín og prófenófos í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2017, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

lagði mat á umsóknina og skilaði niðurstöðum um ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu ([7]) þar sem hún tilgreindi að *Spodoptera exigua multicapsid*-kjarnmargflötungaveira (SeMNPV), einangur BV-0004, væri hæft til skráningar í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

13) Á grundvelli rökstuddra álita og niðurstaðna Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, uppfylla tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

([7]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Spodoptera exigua multicapsid nucleopolyhedrovirus* (SeMNPV).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(10), 6848.

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálkanna fyrir ametóktradín og dódín í II. viðauka kemur eftirfarandi:

*„II. viðauki*

*Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)*

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Ametóktradín (R) (F) | Dódín |
|---|---|---|---|
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 0,01 (*) | **1,5** |
| 0110010 | Greipaldin | | |
| 0110020 | Appelsínur | | |
| 0110030 | Sítrónur | | |
| 0110040 | Súraldin | | |
| 0110050 | Mandarínur | | |
| 0110990 | Annað (2) | | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0120010 | Möndlur | | |
| 0120020 | Parahnetur | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | | |
| 0120050 | Kókoshnetur | | |
| 0120060 | Heslihnetur | | |
| 0120070 | Goðahnetur | | |
| 0120080 | Pekanhnetur | | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0120100 | Pistasíuhnetur | | |
| 0120110 | Valhnetur | | |
| 0120990 | Annað (2) | | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | 0,01 (*) | |
| 0130010 | Epli | | 0,9 |
| 0130020 | Perur | | 0,9 |
| 0130030 | Kveði | | 5 |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | | 5 |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | 5 |
| 0130990 | Annað (2) | | 0,9 |
| 0140000 | **Steinaldin** | 0,01 (*) | |
| 0140010 | Apríkósur | | 0,1 |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | | 3 |
| 0140030 | Ferskjur | | 0,1 |
| 0140040 | Plómur | | 0,01 (*) |
| 0140990 | Annað (2) | | 0,01 (*) |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | | 0,01 (*) |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | 6 | |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | |
| 0151020 | Vínþrúgur | | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | 0,01 (*) | |
| 0153000 | c) **Klungurber** | 0,01 (*) | |
| 0153010 | Brómber | | |
| 0153020 | Daggarber | | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | | |
| 0153990 | Annað (2) | | |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | 0,01 (*) | |
| 0154010 | Aðalbláber | | |
| 0154020 | Trönuber | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | | |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | | |
| 0154050 | Rósaldin | | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | | |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | | |
| 0154080 | Ylliber | | |
| 0154990 | Annað (2) | | |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | 0,01 (*) | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | | |
| 0161010 | Döðlur | | 0,01 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | | 0,01 (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | | 20 |
| 0161040 | Gullappelsínur | | 0,01 (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | | 0,01 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | | 0,01 (*) |
| 0161070 | Jövuplómur | | 0,01 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | | 0,01 (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | | 0,01 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | | |
| 0162020 | Litkaber | | |
| 0162030 | Píslaraldin | | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | | |
| 0162050 | Stjörnuepli | | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | | |
| 0162990 | Annað (2) | | |
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | | |
| 0163010 | Lárperur | | 0,01 (*) |
| 0163020 | Bananar | | 0,5 |
| 0163030 | Mangó | | 0,01 (*) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0163040 | Papæjualdin | | 0,01 (*) |
| 0163050 | Granatepli | | 0,01 (*) |
| 0163060 | Morgunberkjur | | 0,01 (*) |
| 0163070 | Gvövur | | 0,01 (*) |
| 0163080 | Ananas | | 0,01 (*) |
| 0163090 | Brauðaldin | | 0,01 (*) |
| 0163100 | Dáraaldin | | 0,01 (*) |
| 0163110 | Nónberkjur | | 0,01 (*) |
| 0163990 | Annað (2) | | 0,01 (*) |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | | 0,01 (*) |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | 0,05 | |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | 0,05 | |
| 0212010 | Kassavarætur | | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | | |
| 0212040 | Örvarrætur | | |
| 0212990 | Annað (2) | | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | 0,01 (*) | |
| 0213010 | Rauðrófur | | |
| 0213020 | Gulrætur | | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | | |
| 0213040 | Piparrót | | |
| 0213050 | Ætihnúðar | | |
| 0213060 | Nípur | | |
| 0213070 | Steinseljurætur | | |
| 0213080 | Hreðkur | | |
| 0213090 | Hafursrætur | | |
| 0213100 | Gulrófur | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0213110 | Næpur | | |
| 0213990 | Annað (2) | | |
| 0220000 | **Laukar** | | 0,01 (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | 1,5 | |
| 0220020 | Laukar | 1,5 | |
| 0220030 | Skalottlaukar | 1,5 | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | 20(+) | |
| 0220990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | | 0,01 (*) |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | | |
| 0231010 | Tómatar | 2 | |
| 0231020 | Paprikur | 1,5 | |
| 0231030 | Eggaldin | 2 | |
| 0231040 | Okrur | 1,5 | |
| 0231990 | Annað (2) | 1,5 | |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | | |
| 0232010 | Gúrkur | 2 | |
| 0232020 | Smágúrkur | 3 | |
| 0232030 | Dvergbítar | 3 | |
| 0232990 | Annað (2) | 3 | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | 3 | |
| 0233010 | Melónur | | |
| 0233020 | Risagrasker | | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | | |
| 0233990 | Annað (2) | | |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | 0,01 (*) | |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | 0,01 (*) | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | | 0,01 (*) |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | 9 | |
| 0241010 | Spergilkál | | |
| 0241020 | Blómkál | | |
| 0241990 | Annað (2) | | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | | |
| 0242010 | Rósakál | 9 | |
| 0242020 | Höfuðkál | 15 | |
| 0242990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | | |
| 0243010 | Kínakál | 60 | |
| 0243020 | Grænkál | 50 | |
| 0243990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | 9 | |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | | 0,01 (*) |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | 70 | |
| 0251020 | Salat | 50 | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | 50 | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | 50 | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | 50 | |
| 0251060 | Klettasalat | 50 | |
| 0251070 | Sinnepskál | 50 | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | 50 | |
| 0251990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | 60 | 0,01 (*) |
| 0252010 | Spínat | | |
| 0252020 | Súpugull | | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0252990 | Annað (2) | | |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 50 | 0,01 (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | 50 | 0,01 (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | | 0,02 (*) |
| 0256010 | Kerfill | 50 | |
| 0256020 | Graslaukur | 40 | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | 40 | |
| 0256040 | Steinselja | 40 | |
| 0256050 | Salvía | 40 | |
| 0256060 | Rósmarín | 40 | |
| 0256070 | Garðablóðberg | 40 | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | 40 | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | 40 | |
| 0256100 | Fáfnisgras | 40 | |
| 0256990 | Annað (2) | 40 | |
| 0260000 | **Belgávextir** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | | |
| 0260050 | Linsubaunir | | |
| 0260990 | Annað (2) | | |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | | 0,01 (*) |
| 0270010 | Sperglar | 0,01 (*) | |
| 0270020 | Salatþistlar | 0,01 (*) | |
| 0270030 | Sellerí | 20 | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | 20 | |
| 0270050 | Ætiþistlar | 0,01 (*) | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0270060 | Blaðlaukar | 5 | |
| 0270070 | Rabarbarar | 0,01 (*) | |
| 0270080 | Bambussprotar | 0,01 (*) | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | 0,01 (*) | |
| 0270990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0300010 | Baunir | | |
| 0300020 | Linsubaunir | | |
| 0300030 | Ertur | | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | | |
| 0300990 | Annað (2) | | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | 0,01 (*) | |
| 0401000 | **Olíufræ** | | 0,01 (*) |
| 0401010 | Hörfræ | | |
| 0401020 | Jarðhnetur | | |
| 0401030 | Valmúafræ | | |
| 0401040 | Sesamfræ | | |
| 0401050 | Sólblómafræ | | |
| 0401060 | Repjufræ | | |
| 0401070 | Sojabaunir | | |
| 0401080 | Mustarðsfræ | | |
| 0401090 | Baðmullarfræ | | |
| 0401100 | Risagraskersfræ | | |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0401120 | Hjólkrónufræ | | |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | | |
| 0401140 | Hampfræ | | |
| 0401150 | Kristpálmafræ | | |
| 0401990 | Annað (2) | | |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | | 20 |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | | 0,01 (*) |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | | 0,01 (*) |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | | 0,01 (*) |
| 0402990 | Annað (2) | | 0,01 (*) |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0500010 | Bygg | (+) | |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | | |
| 0500030 | Maís | | |
| 0500040 | Hirsi | | |
| 0500050 | Hafrar | (+) | |
| 0500060 | Hrísgrjón | | |
| 0500070 | Rúgur | (+) | |
| 0500080 | Dúrra | | |
| 0500090 | Hveiti | (+) | |
| 0500990 | Annað (2) | | |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0610000 | **Te** | | |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | | |
| 0630000 | **Jurtate úr** | | |
| 0631000 | a) **Blómum** | | |
| 0631010 | Gæsajurt | | |
| 0631020 | Læknakólfur | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0631030 | Rósir | | |
| 0631040 | Jasmína | | |
| 0631050 | Lindiblóm | | |
| 0631990 | Annað (2) | | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | | |
| 0632010 | Jarðarber | | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | | |
| 0632990 | Annað (2) | | |
| 0633000 | c) **Rótum** | | |
| 0633010 | Garðabrúða | | |
| 0633020 | Ginseng | | |
| 0633990 | Annað (2) | | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | | |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | | |
| 0700000 | **HUMLAR** | 90(+) | 0,05 (*) |
| 0800000 | **KRYDD** | | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | | |
| 0810020 | Ilmfrú | | |
| 0810030 | Sellerí | | |
| 0810040 | Kóríander | | |
| 0810050 | Kúmín | | |
| 0810060 | Dill | | |
| 0810070 | Fenníkur | | |
| 0810080 | Grikkjasmári | | |
| 0810090 | Múskat | | |
| 0810990 | Annað (2) | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | | |
| 0820020 | Kínapipar | | |
| 0820030 | Kúmen | | |
| 0820040 | Kardimommur | | |
| 0820050 | Einiber | | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | | |
| 0820070 | Vanilla | | |
| 0820080 | Tamarind | | |
| 0820990 | Annað (2) | | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | | |
| 0830990 | Annað (2) | | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | | |
| 0850020 | Kapers | | |
| 0850990 | Annað (2) | | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | | |
| 0860990 | Annað (2) | | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | | |
| 0870990 | Annað (2) | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | | |
| 0900020 | Sykurreyr | | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | | |
| 0900990 | Annað (2) | | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | | |
| 1010000 | **Vörur úr** | | 0,01 (*) |
| 1011000 | a) **Svínum** | 0,03 (*) | |
| 1011010 | Vöðvi | (+) | |
| 1011020 | Fita | (+) | |
| 1011030 | Lifur | (+) | |
| 1011040 | Nýru | (+) | |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1011990 | Annað (2) | | |
| 1012000 | b) **Nautgripum** | | |
| 1012010 | Vöðvi | 0,03 (*)(+) | (+) |
| 1012020 | Fita | 0,03 (*)(+) | (+) |
| 1012030 | Lifur | 0,04(+) | (+) |
| 1012040 | Nýru | 0,03 (*)(+) | (+) |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,03 (*) | |
| 1012990 | Annað (2) | 0,03 (*) | |
| 1013000 | c) **Sauðfé** | 0,03 (*) | |
| 1013010 | Vöðvi | (+) | (+) |
| 1013020 | Fita | (+) | (+) |
| 1013030 | Lifur | (+) | (+) |
| 1013040 | Nýru | (+) | (+) |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1013990 | Annað (2) | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1014000 | d) **Geitum** | 0,03 (*) | |
| 1014010 | Vöðvi | (+) | (+) |
| 1014020 | Fita | (+) | (+) |
| 1014030 | Lifur | (+) | (+) |
| 1014040 | Nýru | (+) | (+) |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1014990 | Annað (2) | | |
| 1015000 | e) **Hestum** | | |
| 1015010 | Vöðvi | 0,03 (*)(+) | |
| 1015020 | Fita | 0,03 (*)(+) | |
| 1015030 | Lifur | 0,04(+) | |
| 1015040 | Nýru | 0,03 (*)(+) | |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,03 (*) | |
| 1015990 | Annað (2) | 0,03 (*) | |
| 1016000 | f) **Alifuglum** | 0,03 (*) | |
| 1016010 | Vöðvi | (+) | |
| 1016020 | Fita | (+) | |
| 1016030 | Lifur | (+) | |
| 1016040 | Nýru | (+) | |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1016990 | Annað (2) | | |
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | 0,03 (*) | |
| 1017010 | Vöðvi | | |
| 1017020 | Fita | | |
| 1017030 | Lifur | | |
| 1017040 | Nýru | | |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1017990 | Annað (2) | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1020000 | **Mjólk** | 0,03 (*) | 0,01 (*) |
| 1020010 | Nautgripir | (+) | (+) |
| 1020020 | Sauðfé | (+) | (+) |
| 1020030 | Geitur | (+) | (+) |
| 1020040 | Hestar | (+) | |
| 1020990 | Annað (2) | | |
| 1030000 | **Fuglsegg** | 0,03 (*) | 0,01 (*) |
| 1030010 | Hænsni | (+) | |
| 1030020 | Endur | (+) | |
| 1030030 | Gæsir | (+) | |
| 1030040 | Kornhænur | (+) | |
| 1030990 | Annað (2) | | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | **5** | 0,05 (*) |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,03 (*) | 0,01 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,03 (*) | 0,01 (*) |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,03 (*) | 0,01 (*) |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | | |

(*) Neðri greiningarmörk
(**) Samsetning varnarefna/kóða sem hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka, gilda um.
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

**Ametóktradín (R) (F)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Ametóktradín - kóði 1000000 að undanskildu 1040000: Ametóktradín, umbrotsefni 4-(7-amínó-5-etýl[1,2,4]tríasóló, [1,5-a]pýrimídín-6-ýl)bútansýra (M650F01) og umbrotsefni 6-(7-amínó-5-etýl[1,2,4]tríasóló[1,5-a]pýrimídín-6-ýl)hexansýra (M650F06), gefin upp sem ametóktradín
(F) Fituleysanlegt

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um efnaleifar varðandi plöntur í skiptiræktun. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 7. júlí 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0500070 Rúgur**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 7. júlí 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0700000 HUMLAR**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 7. júlí 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0220040 Vorlaukar og pípulaukar**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um efnaleifar varðandi plöntur í skiptiræktun. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 7. júlí 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**0500010 Bygg**
**0500050 Hafrar**
**0500090 Hveiti**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um stöðugleika við geymslu og fóðurrannsóknir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 7. júlí 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**1012010 Vöðvi**
**1012020 Fita**
**1012030 Lifur**
**1012040 Nýru**
**1015010 Vöðvi**
**1015020 Fita**
**1015030 Lifur**
**1015040 Nýru**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um stöðugleika við geymslu. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 7. júlí 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.
**1011010 Vöðvi**
**1011020 Fita**
**1011030 Lifur**
**1011040 Nýru**
**1013010 Vöðvi**
**1013020 Fita**
**1013030 Lifur**
**1013040 Nýru**
**1014010 Vöðvi**
**1014020 Fita**
**1014030 Lifur**
**1014040 Nýru**
**1016010 Vöðvi**
**1016020 Fita**
**1016030 Lifur**
**1016040 Nýru**
**1020010 Nautgripir**
**1020020 Sauðfé**
**1020030 Geitur**

**1020040 Hestar**
**1030010 Hænsni**
**1030020 Endur**
**1030030 Gæsir**
**1030040 Kornhænur**

**Dódín**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 24. júní 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**1012010 Vöðvi**
**1012020 Fita**
**1012030 Lifur**
**1012040 Nýru**
**1013010 Vöðvi**
**1013020 Fita**
**1013030 Lifur**
**1013040 Nýru**
**1014010 Vöðvi**
**1014020 Fita**
**1014030 Lifur**
**1014040 Nýru**
**1020010 Nautgripir**
**1020020 Sauðfé**
**1020030 Geitur**

**Prófenófos (F)**

F) Fituleysanlegt

